

Kæru sveitungar og vinir

Um leið og við þökkum ykkur öllum fyrir ómetanlegan stuðning á síðustu mánuðum viljum við skýra frá því að við höfum af persónulegum ástæðum ákveðið að hætta búskap í Fjósatungu. Því er hey og fjárstofn til sölu.

Fjárstofninn eru ær fæddar 2005-2012

ásamt stiguðum lambhrútum og lambgimbrum.

Heyið er í öllum gæðaflokkum.

Upplýsingar í sínum 821-9772 og 821-2456.

Kær kveðja

Ástþór og Svana

Fnjóskadalshópur

Handverksfundur verður í Skógum,
mánudagskvöldið 28. Okt kl 19:30.

Kjósa á nýja hópstýru

Hópstýra



Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2013. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi **4. nóvember n.k.**

Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2013. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi **4. nóvember n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2012 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar

Átt þú ekki erindi við Vaxtarsamning Norðausturlands?

Ertu með hugmynd að verkefni sem eflir atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæðinu?

Næsti umsóknarfrestur til VAXNA er þriðjudaginn 5. nóvember nk.

Umsóknargögn má finna á vefsíðunni www.atthing.is og starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins veita upplýsingar og aðstoð við gerð umsókna

Kynntu þér málið og hafðu samband!

Ari Páll, Jóna og Reinhard

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga • Garðarsbraut 5, Húsavík • sími 464-0415

Dansæfing

Fyrsta dansæfingar haustsins verður í
Ljósvetningabúð föstudagskvöldið 1.
nóvember frá kl.20:30-22:30.
Allir hjartanlega velkomnir
Miðaverði stillt í hóf.



Stjórnin



Kvenfélag Reykdæla

býður öllum íbúum 67 ára og eldri á félagssvæði sínu upp á
fótsnyrtingu hjá Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum, Hólavegi 2,
dagana 30. og 31. október. Einnig 1., 6., 7. og 8. nóv.
Tímarpantanir í síma 464 3200 eftir kl.13.00 á daginn.
Stjórnin

Kæru vinir.



Í tilefni af því að þann 30 október eru liðin sjötíu og
fimm ár frá fæðingardegi mínum verður boðið til
súpu og eitthvað verður í að bíta með súpunni.
Súpuátið fer fram í matsal gistiheimilisins að Draflastöðum og hefst
kl. 20,30 laugardagskvöldið 2 nóvember.

Gaman væri að sjá ykkur sem flest og eiga ánægjulega kvöldstund
saman.

Kannski verður eitthvað sviflétt til að hella í krús þetta kvöld.

Jón og Svana Hjarðarholti

42. tbl.
24. október
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Minnum á



BJARMABALLIÐ

Draflastöðum

föstudagskvöldið 25. október 2013.

Muna að taka með

léttu skóna og góða skapið.

Agnes, Ási og Ósk

Haustfundur

félags eldri borgara þingeyjarsveitar

verður í Dalakofanum
sunnudaginn 27. október 2013 kl. 14:00.

Ræðum vetrarstarfið
og segjum frá sumrinu, ætlum að skrá netföng
félagsmanna sjáumst hress

stjórnin